

8. gr.

Byggingum fiskvinnslustöðva, búnaði og tækjum svo og umhverfi skal ávallt haldið vel við. Vanhöld í viðhaldi geta valdið því að starfsemi fiskvinnslustöðva verði stöðvuð, sé viðvörnum ekki sinnt.

9. gr.

Ávallt skal þess gætt að mengun frá fiskvinnslustöðvum í sjó og lofti verði eins lítil og frekast er unnt. Frárennsliskerfi húsa skal vera þannig hannað og lagt að úrgangur sleppi ekki um lagnir til sjávar eða í fjörur. Fiskvinnslustöðvar skulu kappkosta að hafa eins góðan og tryggan útbúnað til mengunarvarna og kostur er á hverjum tíma.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari getur valdið stöðvun á starfsemi fiskvinnslustöðva. Skulu heilbrigðisfulltrúi, hafnarvörður og byggingafulltrúi sjá til þess að reglum þessum sé framfylgt í hvívetna. Um málsmeðferð þ.á.m. ágreiningsmál fer skv. lögum nr. 81/1988, um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Búðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. bann við að aka Rauðarárstíg frá noðri til suðurs yfir Hverfisgötu verði afnumið. Ennfremur verði afnumið bann við vinstri beygju af Rauðarárstíg austur Hverfisgötu,
2. bifreiðastöður verði bannaðar í miðeyju Snorrabrautar á kaflanum milli Laugavegar og Flókagötu. Þess í stað verði leyfðar bifreiðastöður á sama kafla Snorrabrautar á eftirtöldum stöðum:
 - a. að vestanverðu milli Laugavegar og innkeyrslu sunnan Snorrabrautar nr. 56,
 - b. austanverðu milli Grettisgötu og Njálsgötu,
 - c. austanverðu milli Vífilsgötu og Skeggjagötu,
3. bann við vinstri beygju af Snorrabraut vestur Laugaveg verði afnumið þegar kveikt verður á sérstöku beygjuljósi,
4. opi í miðeyju Snorrabrautar við Grettisgötu verði lokað,
5. þegar ekið er af Njálsgötu vestan Snorrabrautar inn á Snorrabraut verði aðeins heimiluð hægri beygja,
6. miðeyja Snorrabrautar við Bergþórugötu verði opnuð,
7. einstefna á Grettisgötu austan Snorrabrautar verði snúíð við, þ.e. verði frá Rauðarárstíg að Snorrabraut,

8. skástæði undir ca. 70° horni verði báðum megin á Grettisgötu á kaflanum milli Rauðarárstígs og vesturmarka lóðar nr. 90,
9. einstefna verði á Njálsgötu frá Snorrabraut að Rauðarárstíg,
10. komið verði fyrir skástæðum undir 45° horni á Njálsgötu að sunnanverðu (þ.e. hægra megin miðað við akstursstefnu) á kaflanum milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs. Ákvörðun þessi tekur gildi 20. nóvember 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. nóvember 1988.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. leyfa bifreiðastöður á Frakkastíg að vestanverðu á milli Laugavegar og Hverfisgötu og þar verði settir upp 10 stöðumælar,
 2. á Klapparstíg að vestanverðu komi 45° skástæði milli Lindargötu og Hverfisgötu og fjölgun stöðureita verði úr 7 í 15,
 3. á Laugavegi að sunnanverðu á milli Barónsstígs og Frakkastígs komi 30° stæði í stað samsíða stæða og verður fjölgun stöðureita úr 37 í 50,
 4. á Laugavegi að norðanverðu framan við hús nr. 1 verði leyfðar bifreiðastöður og þar komi 2 stöðureitir,
 5. á Bankastræti að norðanverðu vestan innkeyrslu að húsinu nr. 3 komi 2 stöðureitir,
 6. á Austurstræti að norðanverðu á milli Pósthússtrætis og Vallarstrætis komi 30° skástæði í stað samsíða stæða og fjölgar þá stöðureitum úr 15 í 21,
 7. einstefnuakstur verði á Njálsgötu til austurs frá Klapparstíg að Snorrabraut. Bifreiðastöður verði áfram bannaðar að norðanverðu við götuna en leyfðar að sunnanverðu og þar verða merkt 45° skástæði. Bifreiðastæðum fjölgar þá úr 83 í 132,
 8. einstefnuakstur verði á Grettisgötu til vesturs frá Snorrabraut að Vegamótastíg. Bifreiðastöður verða áfram bannaðar að norðanverðu við götuna á milli Barónsstígs og Vegamótastígs en leyfðar að sunnanverðu á sama kafla. Á milli Barónsstígs og Snorrabrautar verður áfram leyft að leggja beggja vegna götunnar,
 9. bifreiðastöður verði leyfðar á Bókhöfundustíg að norðanverðu á milli Lækjargötu og Laufásvegar og þar verða settir upp 4 stöðumælar við samsíða stöðureiti,
 10. biðskylda verði á Njálsgötu við Vitastíg,
 11. biðskylda verði á Grettisgötu við Frakkastíg,
 12. biðskylda verði á Vitastíg við Bergþórugötu,
 13. stöðvunarskylda á Frakkastíg við Njálsgötu verði afnumin.
- Ákvörðun þessi tekur gildi 20. nóvember 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. nóvember 1988.

Böðvar Bragason.